

Náms- og kennsluáætlun

í körfubolta-vali

Körfubolta-val 2026 – 2027

Kennari/kennarar:

Hartmann Helgi Sigurðsson

Námsgrein

Námsgreinin körfubolta-val gefur nemandanum tækifæri til að öðlast þekkingu og dýpri skilning á ýmsum þáttum íþróttagreininnar. Nemendur auka samhæfingu hugar og útlíma og þjálfast í að vinna sem einstaklingar og í hópi. Hreyfing er góð undirstaða fyrir lífið. Nemendur eru í verklegum tímum einu sinni í viku.

Námsefni

Námsefni er að öllu leyti afhent í tímum, þar sem kennsla er í formi sýnikennslu og myndefnis í tímum.

Kennsluaðferðir / leiðsagnarnám

Í skólanum er unnið í anda leiðsagnarnáms sem byggir á fimm stoðum. Saman leiða þær að jákvæðari námsmenningu þar sem verkefni eru fjölbreytt, mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr. Skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og kennarar leggja áherslu á leiðsagnarmat, leiðbeinandi endurgjöf. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Kennsluaðferðir eru í formi sýnikennslu þar sem nemendur fá tækifæri til að auka þekkingu sína á íþróttagreininni. Í upphafi kennslustundar er almenn og sérhæfð upphitun. Keppnislíkar æfingar og ýmir leikir einkenna tímana. Bókleg kennsla verður þegar líður á skólaárið, stuttar innlagnir til að dýpka og auka áhuga nemenda á íþróttagreininni.

Námsmat/endurgjöf

Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum er ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Námsmatið byggist á hæfniviðmiðum. Námsmatið er símat og því hafa nemendur tækifæri til þess að bæta sig allt árið. Hver tími telur inn í námsmatið. Gefið er í 5 táknum sem segir til um hæfni nemendans. Námsmat er ekki endanlegt fyrr en síðasta tíma er lokið.

★ Framúrskarandi □ Góð hæfni ✓ Hæfni náð ✦ Á góðri leið 🟡 Þarfnast þjálfunar ✗ Hæfni ekki náð

Stefna skólans og sveitarfélagsins:

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á leiðsagnarnám sem útskýrt hefur verið hér að framan. Við skipulag kennslunnar er einnig hugað að einkunnarorðum skólans sem eru: Ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur þar sem ánægður nemandi sem nálgast námið af áhuga og ábyrgð nær árangri.

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fimm meginþætti, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði en þættirnir tengjast viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þá sérstaklega grunnþáttum menntunar (sjá hér fyrir neðan) auk leiðsagnarnáms.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í allt skólastarf en áherslur hafa verið lagðar fyrir hvert fag á hverju skólastig. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Horft er til eftirfarandi þátta þegar verkefni eru sett upp og metin.

Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum	
Grunnþáttur	Áhersluþættir skólahreysti: Nemandi:
Heilbrigði og velferð	- stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi. - getur gert grein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífnis og jákvæðni áhrif þess á heilsuna. - þekki hinar ýmsu leiðir hreyfingar til þess að efla eigin heilbrigði og vellíðan. - gerir sér grein fyrir eigin líkamsástandi, þekkir eigin veikleika og styrkleika og finnur sér hreyfingu við hæfi.
Jafnrétti	- fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, - ræktar hæfileika sína og þroskast - getur stundað heilsurækt við hæfi án fordóma
Lýðræði og mannréttindi	- Hef áhrif á val á æfingum, einnig fjölda í liðum og liðskipan. - þekkir eigin getu og finnur hreyfingu við hæfi - kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins. - fær tækifæri til að læra um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði.
Læsi	- upplifir og ræðir mikilvægi hreyfingar. - velur tæki og tól sem henta hverju sinni - öðlast þekkingu á mikilvægi hreyfingar.
Sjálfbærni	- eflir skilning sinn á mikilvægi heilbrigðs lífnis og hreyfingar - velur hreyfingar við hæfi og nýtur ánægju af - nýtir hreyfingu til að auka lífsgæði og vellíðan
Sköpun	- býr til æfingaplan sem hæfir getu. - upplifir fjölbreytileika skólaíþróttanna og lærir af því

Lykilhæfni

Nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð. Nemendur sýni hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Nemendur sýni hæfni til að nota þekkingu og leikni til að bæta eigið líkamsástand.

Námsaðlögun:

Leitast er við að mæta þörfum allra nemenda. Fyrir sterka námsmenn þýðir það halda eins langt og hægt er og fyrir seinfæra þýðir það hugsanlega meiri stuðning innan og/eða utan íþróttahússins. Nemendur hafa ólíka hæfileika, áhugamál og þarfir og því er reynt mæta eins og kostur er.

Kynning á náms- og kennsluáætlun

Náms- og kennsluáætlanir Árbæjarskóla eru öllum aðgengilegar á vefsíðu skólans frá og með 25. ágúst 2026 og tilkynning um birtingu þeirra er send foreldrum.

Stefna og reglur námsgreinarinnar

Samskipti	Einkennast af virðingu
Mæting	Allir mæta á réttum tíma með rétt námsgögn, íþróttaföt og skó.
Virkni í tímum	Nemendur nýta kennslutímann vel og vinna að þeim æfingum sem lagðar eru fyrir og ganga jafnframt vel um íþróttasalinn og búningsklefa í lok kennslustundar. Lögð er áhersla á virkni nemenda í tímanum og samtal við kennara/samnemendur um námið.
Fatnaður	Nemendur mæti í íþróttafötum og íþróttaskóm í kennslustundir.
Leyfi	Aðstandendur hafi samband við skrifstofu skólans sem sér um leyfisráningar
Skyldur nemenda	Nemendur mæta undirbúnir í tíma, hafa farsíma og önnur tæki (þ.m.t. heyrnartól) í töskum eða í símateppi. Nemendur fylgi skóla og húsreglum
Skyldur kennara	Kennarar mæta undirbúnir í tíma, eru með skýrar áætlanir, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og leiða nemendur áfram í náminu.
Hlutverk foreldra	Foreldrar hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum (úr Aðalnámskrá).

